

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 265/2021

frá 24. september 2021

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/783 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót áætlun um aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum (LIFE) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að þátttaka EFTA-ríkjanna í starfsemi sem leiðir af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/783 hefjist frá 1. janúar 2021, óháð því hvenær þessi ákvörðun er samþykkt, eða hvort tilkynnt er eftir 10. júlí 2021 að stjórnskipuleg skilyrði, ef þau eru til staðar, að því er þessa ákvörðun varðar, hafi verið uppfyllt.
- 3) Aðilar með staðfestu í EFTA-ríkjunum skulu eiga rétt til þátttöku í starfsemi sem hefst áður en þessi ákvörðun öðlast gildi. Kostnaður sem fellur til vegna slíkrar starfsemi, sem kemur til framkvæmda eftir 1. janúar 2021, kann að teljast hæfur með sömu skilyrðum og þeim sem gilda vegna kostnaðar sem fellur til hjá aðilum með staðfestu í aðildarríkjum ESB, að því tilskildu að þessi ákvörðun öðlist gildi áður en viðkomandi aðgerð lýkur.
- 4) Skilyrði þátttöku EFTA-ríkjanna og stofnana þeirra, fyrirtækja, samtaka og ríkisborgara í áætlunum Evrópusambandsins eru sett fram í EES-samningnum, einkum 81. gr. samningsins.
- 5) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til samræmis við þetta, svo aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2021,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 7. mgr. 3. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 172, 17.5.2021, bls. 53.

„f) Lagagerðir Bandalagsins sem koma til framkvæmda frá 1. janúar 2021:

- **32021 R 0783**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/783 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót áætlun um aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum (LIFE) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 (Stjttíð. ESB L 172, 17.5.2021, bls. 53).

Kostnaður sem fellur til vegna starfsemi sem kemur til framkvæmda eftir 1. janúar 2021 kann að teljast hæfur frá og með upphafsdegi viðkomandi aðgerðar sem ákveðin er í styrksamningi eða viðkomandi ákvörðun um styrk, með þeim skilyrðum sem þar koma fram, að því tilskildu að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2021 frá 24. september 2021 öðlist gildi áður en aðgerðinni lýkur.

Liechtenstein og Noregur skulu vera undanþegin þátttöku í og fjárframlagi til þessarar áætlunar.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2021.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.